

Rafmagnsveitur Ríkisins
Orkuráð

ÞYKKVIBÆR

Forathugun um jarðhitaveitu

Verk nr: 97.408

Apríl 1998

VST

**Verkfræðistofa
Sigurðar Thoroddsen hf.**

Þykkvibær

Forathugun um jarðhitaveitu

1. Inngangur

Orkuráð og Rarik hafa í sameiningu látið gera forathugun um hugsanlega jarðhitaveitu í Þykkvabæ. Athugun þessi er hluti af stærra verki, þar sem samskonar athugun er einnig gerð fyrir Snæfellsbæ, Grenivík, Neskaupstað og Grundarfjörð.

Tilgangur athugunar er að kanna hver gæti verið kostnaður við að hita hús í Þykkvabæ með jarðhita frá borholu þeirri sem boruð hefur verið skammt vestan við þéttbýlið.

2. Markaður hitaveitu

Í Þykkvabæ eru um 37 býli og þrjú í Háfshverfi vestur við Þjórsá. Alls eru þar um 55 íbúðarhús. Nokkuð er um úтиhús og geymslur. Í áætlun þessari er gert ráð fyrir að einungis íbúðarhús og fullhitað atvinnuhúsnæði verði hitað af hugsanlegri hitaveitu.

Upplýsingar um húsnæði eru fengnar úr fasteignamatsskrá. Í henni kemur fram gerð húsnæðis og stærð þess í rúmmetrum.

Um 58% af húsnæðinu er hitað með þilofnum. Því virðist ljóst að veita án þess verður aldrei hagkvæm. Í áætlun er því miðað við að öll húsin tengist veitunni og skipt verði yfir í vatnshitakerfi í þilofnahituðu húsunum.

3. Orkuþörf og aflþörf hitaveitu

Í áætlun um orkuþörf til hitunar er tekið mið af forsendum þeim um orkuþörf húsa sem orkuspárnefnd hefur notað í spám sínum:

- | | |
|--------------------------------|-----------------------------|
| • Íbúðar- og skrifstofuhúsnæði | 78 kWh/m ³ á ári |
| • Atvinnuhúsnæði | 50 kWh/m ³ á ári |

Í dreifikerfi er reiknað með 10 % orkutapi og er því bætt við til að fá fram orkuþörf hitaveitu. Við áætlun um aflþörf markaðar er miðað við 3.800 stunda nýtingartíma og 10 % viðbót við afl veitu vegna orkutaps í dreifikerfi. Helstu kennitölur eru:

	<i>Með þilofnahúsum</i>
• Hitað húsrými Þykkvabæ og Háfshverfi	29.237 m ³
• Fjöldi húsa sem tengist veitu (bara Þykkvibær)	51 stk
• Húsrými sem tengist veitu (bara Þykkvibær)	27.299 m ³
• Orkuþörf húsa	2,13 GWh
• Orkuþörf veitu (m.v. 10% orkutap)	2,34 GWh
• Aflþörf húsa	0,56 MW
• Aflþörf veitu (m.v. 10% orkutap)	0,62 MW

Í hagkvæmniáætlun þessari hefur verið valið að miða ekki við neinn vöxt á orkuþörf og eru mannvirki því miðuð við markaðinn eins og hann var árið 1997.

4. Vatnsþörf veitu, borhola

Á grundvelli áætlunar um mestu aflþörf veitu virðist þurfa um 4,0 l/sek af vatni, þar sem nýta má 40°C hitamun.

Boruð hefur verið um 1.200 m djúp hola um 3,2 km vestan við gatnamót í þéttbýlinu í Þykkvabæ. Úr henni hefur fengist tæplega 90°C heitt vatn, sem að einum þriðja virðist sjór. Prófunum er ekki að fullu lokið en spáð er, að við vinnsludælingu gefi hún um 5 l/sek af um 80°C heitu vatni. Vísað er í bréf Gríms Björnssonar hjá Orkustofnun, dagsett 12. nóvember 1997 um málið. Við gerð áætlunar um borholur og dælur er gengið út frá þessum upplýsingum.

5. Frumáætlun um hitaveitu fyrir Þykkvabæ

Á grundvelli þeirra forsendna sem koma fram hér að framan er gerð frumáætlun um jarðhitaveitu fyrir Þykkvabæ.

Gert er ráð fyrir hefðbundnu dreifikerfi úr stállögnum með polyúreþan einangrun í plastkápu. Á teikningum 1.01-1.04 er sýnd frumáætlun um dreifikerfi. Á fylgiskjali 2 er sýnd tengigrind fyrir hústengingu með millihiturum fyrir ofnakerfi og fyrir neysluvatn.

Í samræmi við spá jarðfræðings er gert ráð fyrir að dælu sé komið fyrir á 300 m dýpi og geti hún gefið um 5 l/sek af um 80°C heitu vatni.

Reiknað er með að lengd hinnar eiginlegu aðveitu austur á bakka Hólmkelsár geti verið um 5,6 km og er áætlað að nota stálþípu, einangraða með pólyúreþani í stærðunum 40-80mm. Kólnun í aðveitunni við mesta rennsli er áætluð 14,2°C og til viðbótar 7,6°C fyrir síðstu heimæðina. Reiknað er með að nokkur yfirdæling sé nauðsynleg.

Í heild er umframdaeling áætluð um 1 l/sek og mun hitaveitan með því fullnýta áætlað vatnsmagn, sem spáð er að hola muni gefa eða 5 l/sek. Á fylgiskjali 3 er sýnd afstöðumynd af svæðinu og er þar sýnd staðsetning borholunnar.

Aðveita vestur í Háfshverfi er um 3,0 km löng og eru þar 4 notendur. Miðað við eðlilega leiðslustærð þarf talsverða yfirdælingu til þess að vatnið haldi nýtilegu hitastigi. Kostnaður á hvern bæ við veitu vestur í Háfshverfi er um fimmfaldur miðað við hina auk þess sem 67% af húsnæði þar er hitað með þilofnum. Vegna kostnaðar og vegna þess að heita vatnið er takmarkað þarf að skoða þetta nánar. Veita vestur í Háfshverfi er því ekki tekin með í áætlun að þessu sinni.

6. Stofnkostnaður hitaveitu

Á grundvelli frumáætlunar og einingaverða fyrir svipaðar framkvæmdir er gerð áætlun um stofnkostnað veitu á verðlagi 1. júlí 1997. Allar tölur eru án virðisaukaskatts.

Með þilofnahúsum:

- | | |
|---|----------|
| • Borhola með öllum frágangi | 34,7 Mkr |
| • Aðveituæð og einfalt dreifikerfi með heimæðum | 26,7 Mkr |
| • Hústengingar 51 stk | 10,7 Mkr |

• Ofnakerfi þilofnahúsa 30 stk	13,5 Mkr
• Annað og ófyrirséð um 10%	8,6 Mkr
• Hönnun, umsjón og eftirlit um 10%	9,4 Mkr
Samtals	103,6 Mkr

7. Rekstrarkostnaður, orkukostnaður

Rekstrarkostnaður veitu felst í fjármagnskostnaði, viðhaldskostnaði, dælingarkostnaði og rekstrar- og umsjónarkostnaði. Við áætlun fjármagnskostnaðar er reiknað með 5,5 % föstum vöxtum og afskriftatími mannvirkja er ákveðinn 25 ár.

Viðhaldskostnaður er misjafn fyrir einstaka hluta veitunnar. Árlegur viðhaldskostnaður slíkra mannvirkja hefur að jafnaði verið reiknaður um og yfir 1,6 %. Í reynd hefur hann verið lægri hjá nokkrum hitaveitum. Hér er valið að nota 1,6 %.

Gert er ráð fyrir að lyftihæð úr borholu sé að meðaltali 200 m, notkunarþrýsingur til notenda sé um 60 m og að meðaltali sé dælt 80% af mesta vatnsmagni eða 4 l/sek.

Í rekstri og umsjón felast stjórnunarkostnaður, umsjónarkostnaður og fleira. Hér er valið að áætla þennan kostnað 2,5 % af stofnkostnaði. Ef til vill er það nokkuð lágt fyrir svo litla veitu.

Rekstrarkostnaður veitu með þilofnahúsum

• Fjármagnskostnaður (25 ár og 5,5% vextir) 7,45%	7,72 Mkr
• Viðhald mannvirkja 1,6% af 103,6 Mkr	1,66 Mkr
• Dæling 22 kW x 8760 h x 6,72 kr	1,30 Mkr
• Rekstur og umsjón 2,5% af 103,6 Mkr	2,59 Mkr
Samtals árlegur kostnaður	13,27 Mkr

Orkukostnaður

Miðað er við að öll hús tengist veitu nokkuð fljótt og orkusala verði í samræmi við spá um varmamarkað og orkunotkun húsa. Meginniðurstaða um orkukostnað veitu er því:

- Orkukostnaður veitu með þilofnahúsum 13,27 Mkr / 2,13 GWh 6,23 kr/kWh

8. Samanburður orkuverðs

Samkvæmt niðurstöðum athugana okkar og útreikninga getur orkuverð hitaveitu í Þykkvabæ verið um 6,23 kr/kWh miðað við þær meginforsendur sem eru lagðar til grundvallar. Inni í stofnkostnaði veitu er allur kostnaður, þar með talinn kostnaður við hústengingar og við að breyta hitakerfum þilofnhitaðra húsa.

Orkuverð olíukyndingar

Húshitunarolía kostar síðari hluta árs 1997 21,79 kr/ltr. Sé reiknað með 62 % nýtni kynditekja, eðlisþyngd olíu 0,86 og brennslugildi hennar 10.200 kcal/kg verður orkuverð kyndingar með olíu um 3,5 kr/kWh. Að teknu tilliti til raforkukostnaðar og viðhalds gæti orkuverðið verið 4,1 - 4,2 kr/kWh. Þar sem svartolía er notuð (hjá stærri notendum og til gufu-framlleiðslu) er orkuverðið nokkru lægra.

Orkuverð rafmagnshitunar

Samkvæmt gjaldskrá RARIK nr. 81-0 frá 1. apríl 1997 er orkugjald fyrir rofna daghitun 3,85 kr/kWh auk fastagjalds 14.900 kr/ári. Fyrir hús sem notar um 35.000 kWh/ári jafngildir þetta um 4,3 kr/kWh.

Gerð hefur verið spá um kostnað orku til húshitunar sem byggir á áætlunum Landsvirkjunar um langtímaðarkostnað orku og samkvæmt spánni er hann 3,26 kr/kWh á sama verðlagi. Ennfremur hefur verið reiknað út viðmiðunarverð sem byggir í upphafi á núverandi orkuverði Landsvirkjunar og tilkostnaði RARIK, að teknu tilliti til afslátta frá orkufyrirtækjunum en án niðurgreiðslna ríkissjóðs, eða 4,34 kr/kWh. Síðan er reiknað með lækkun verðsins niður í langtímaðarkostnað, sem er 3,26 kr/kWh, eins og segir hér að framan. Þetta útreiknaða viðmiðunarverð er 3,82 kr/kWh.

Utan hitaveitusvæða er rafhitun niðurgreidd og nemur niðurgreiðsla ríkisins 1,38 kr/kWh og verður orkuverð þá um 2,9 kr/kWh.

Auk þessa er afsláttur Landsvirkjunar nú 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,085 kr/kWh. Þar sem allir afslættir gilda verður orkuverð fyrir rofna daghitun 2,4 - 2,5 kr/kWh.

9. Niðurstaða

Meginniðurstaða af hagkvæmniathugun þessari er að hitaveita í Þykkvabæ frá borstað vestan byggðarinnar er ekki hagkvæm miðað við forsendur og fyrir notendur sem njóta talsverðra niðurgreiðslna er hún það ekki.


• Orkuverð frá mögulegri hitaveitu	6,3 kr/kWh
• Orkuverð hitaveitu án áfallins kostnaðar	5,6 kr/kWh
• Orkuverð olíukyndingar	4,1 - 4,3 kr/kWh
• Orkuverð óniðurgreidds rafmagns 1997	4,0 - 4,3 kr/kWh
• Viðmiðunarverð óniðurgreidds rafmagns á afskriftatíma	3,82 kr/kWh
• Orkuverð niðurgreidds rafmagns	2,4 - 2,9 kr/kWh


Ástæða þess að hitaveita virðist ekki vera hagkvæm stafar af því að kostnaður við veituna er talsvert mikill. Auk þess finnst vatnið á miklu dýpi og er saltmengað. Þetta leiðir til þess að kostnaður við hústengingar verður mikill vegna dýrra millihitara í hverju húsi. Auk þess er tekinn með í áætlun umbreytingarkostnaður notenda (30 af 51), en hann er reiknaður 450.000 kr á hvert hús.

Í dreifikerfi er reiknað með stálpípum. Til greina kemur að vera með einangraðar plastlagsnir. Það sparar hins vegar ekki mjög mikið en eykur áhættu verulega. Komist súrefni í saltblandað vatn er hætta á bráðatæringu.

Nú þegar hefur verið lagt í talsverðan kostnað við hitaleit og borun (20 Mkr) og þarf því að skoða vandlega hvort mögulegt sé að nýta holuna með einhverjum hætti.


Þegar prófunum á borholu er lokið og afköst og hitastig holunnar hafa verið staðfest, virðist eðlilegt að fara í nákvæmari áætlanagerð um mögulega nýtingu hennar. Kanna þarf húshitunarmarkað betur og athuga hvort annar markaður sé fyrir hendi, ef afköst holunnar leyfa. Í ljósi efnasamsetningar og hitastigs vatnsins þarf að athuga nánar hvaða tæknilegar lausnir eru mögulegar og endurmets kostnað við veitu, hústengingar og kostnað við að skipta yfir í vatnsöfnakerfi.






1.400.0

VST Verkfræðistofa Sigrúnar Thoroddsen hf.		ÞYKKVABÆR	
Amsíða 4	108 Reykjavík	FORATHUGUN UM JARDHTAVETU	
Görgugtu 20	650 Akureyri	DREI FIKERFI	
Hlíðarhótel 3	452 2543		
Hlíðarhótel 4	451 1190		
Hlíðarhótel 5	452 1211		
Hlíðarhótel 6	452 2024		
Hlíðarhótel 7	452 2435		
		HLUTI 2	
		Mars 1998	9.7.98
		Mikal Ólafsson	1.02




VST		Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.		PYKKVABÐR	
Arnólið 4 Gjertuborg 20 Bjarnarhóll 8 Hafnarfjörður 1	108 Reykjavík 600 Borgartví 400 Asgárdarhlíð 400 Vatnsmál	Síðanum 561 5000 461 1150 482 2543 600 Borgartví 437 1317 437 1311 456 3045	Faxa 561 5010 461 1110 482 2543 600 Borgartví 437 1317 437 1311 456 3045	FORATHUGUN UM JARDHITAVÉITU DREIFIÐERFI HLUTI 3	Umþingun - / - / - / - / - / -
Hverfisvöld	1000	Tímabundur	1000	Vinn. hr.	Tím. hr.
Hverfisvöld	1000	Tímabundur	1000	Vinn. hr.	Tím. hr.



Fréttablaðið FRI	A/197-442/N/37469/TDNW-101.DWG																			
VST	Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddssundar M.																			
	þykki vabar																			
	FORFLUGIN UM JARDHITAVÉTU																			
	DREIFÍKERFI																			
	HΛLT 4																			
	Deplas.																			
	MARS 1998																			
	97.08																			
	1.04																			
	2000																			
	100																			
	200																			
	300																			
	400																			
	500																			
	600																			

Tengimynd fyrir einfalt dreifikerfi
á nóttum á kvarða



Skyringer:

- | | | | | |
|----|----------|------------|----------------------|-------------------------------------|
| 1 | Kúlubóki | Staufuloki | Hölmur íslenskumálið | Kúlubóki |
| 2 | | | | |
| 3 | | | | |
| 4 | | | | |
| 5 | | | | |
| 6 | | | | |
| 7 | | | | |
| 8 | | | | |
| 9 | | | | |
| 10 | | | | |
| 11 | | | | |
| 12 | | | | |
| 13 | | | | Sla |
| 14 | | | | Loftskila, staðsettning eftir óstær |
| 15 | | | | Einstefnukoli |
| 16 | | | | þystilettir, t.d. AVDO 20 |

Eign hitaveitu

A Külüloki
B Sia
C Keülöki
D Vatsmælir

Tæming og døfylling skal vera i lægsta punkli.

Ulloftun skal vera í hæsta punkti.

ir i gründum skulu vera

med skruludum tengistykkjum.


$30^{\circ}\text{C}/40^{\circ}\text{C}$ á heitu hlíðinni og $70^{\circ}\text{C}/30^{\circ}\text{C}$ á koldu hlíðinni. Leyfileg brýstlitap 3-4 mvs. $80^{\circ}\text{C}/35^{\circ}\text{C}$ á heitu hlíðinni og $60^{\circ}\text{C}/5^{\circ}\text{C}$ á koldu hlíðinni. Leyfileg brýstlitap 3-4 mvs.

Allur frögangur efnis og vinnu, svo og kröfur um þrysstíðun skulu vera samkvæmt gjaldandi reglugerðum.

Sýrðingssíða 2.-3.-úr bar
Síðugrunni
Síða
Loftsláttar, stadssetning eftir aðstæðum
Einstefnuloki
Prýstilteitir, t.d. AVDO 20

Þykkvibær

Forathugun um jarðhitaveitu



Borhola PB 13 sem er um 3.2 km norðvestan byggðar í Þykkvabæ gefur um 5 l/sek.

Fylgiskjal 3.